

Steingrímur og Birgitta Guðríður Eiríksdóttir með börnum sínum um 1910. Frá vinstri: Þórunn, Steinunn, Axel, Þórður og Haraldur.

á titilsíðu er útgáfa Páls á þýðingu Steingríms á söguljóðinu *Axel* eftir Tegnér sem kom út sama ár og fyrsta bindið af *Þúsund einni nótt*, 1857.
Steingrímur þýddi fjölda ljóða eftir ýmis frægustu skáld Evrópu eins og Heinrich Heine, Goethe, Schiller, og Hölderlin. Steingrímur gaf út *Svanhvíti – nokkur erlend skáldmæli* 1877 með þýðingum eftir þá Matthías Jochumsson á kvæðum eftir fjölmörg erlend skáld. Þá var Steingrímur fyrstur til að íslenska leikrit eftir Shakespeare, *Lé konung*, sem hann lauk við 1864, en þýðingin kom ekki út fyrr en 1878. Af þeim þýðingum sem komu frá Steingríms hendi eftir heimkomuna er mest og jafnframt síðust *Ævintýri og sögur* eftir H. C. Andersen. Sögurnar komu út í tveimur bindum 1904 og 1908. Einnig ber að nefna þýðingu hans á *Róbínson Krúsóe* (stytt gerð) 1886 og *Dæmisögur* eftir Esóp í tveimur bókum, 1895 og 1904.

Mynd á kápu: Málverk Sigurðar Guðmundssonar málara af Steingrími.
Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.
Sérstakar þakkir: Guðjón Jensson, Árni Sigurjónsson, Birgir Ármannsson, Hannes Pétursson.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Desember 2013 - Samantekt: Ólafur J. Engilbertsson

Steingrímur Thorsteinsson



Sýning í Þjóðarbókhlöðu opnuð 29. nóvember 2013
í tilefni af 100. ártíð skáldsins

Uppruni, nám og störf



Steingrímur ásamt Bjarna syni sínum um 1872. Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Steingrímur Thorsteinsson fæddist á Arnarstapa á Snæfellsnesi 19. maí 1831 og ólst upp á efnaheimili, einn fjögurra sona Bjarna Thorsteinssonar amtmanns og Þórunnar Hannesdóttur.

Steingrímur varð stúdent úr Lærða skólanum í Reykjavík þjóðfundarsumarið 1851 og sigldi að loknu námi til Kaupmannahafnar og settist í Hafnarháskóla. Hann hóf nám í lögum en hvarf frá því og nam þess í stað sögu og fornmálin, grísku og latínu. Steingrímur bjó í Kaupmannahöfn um árabil eftir að námi lauk. Hann starfaði fyrir Árnanefnd og við kennslu auk þess að sinna þýðingum og kveðskap á Kaupmannahafnarárum sínum.

Steingrímur fluttist til Íslands 1872 og gerðist þá kennari við Lærða skólann í Reykjavík. Á árunum 1897-1907 sat Steingrímur í nefnd um endurskoðun á þýðingu gamla testamentisins. Haraldur Níelsson annaðist sjálfa endurskoðunina, en Hallgrímur biskup Sveinsson, Þórhallur Bjarnarson og Steingrímur höfðu umsjón með verkinu. Steingrímur var kjörinn heiðursfélagi Hins íslenska bókmenntafélags 1901. Hann hélt áfram kennslu við Lærða skólann og varð að lokum rektor hans frá árinu 1904 og hélt því embætti til dauðadags 21. ágúst 1913.

Í Kaupmannahöfn kynntist Steingrímur fyrri konu sinni, Lydiu Wilstrup. Lydia var tæpum tíu árum eldri en Steingrímur, fædd í Kaupmannahöfn 17. desember 1821. Þau eignuðust son sem skírður var Bjarni Vilhelm (f. 1865, d. 1911).



Lydia Wilstrup.

Steingrímur fékk árið 1886 í arf eftir móður sína hús við Austurvöll, Thorvaldsenstræti 4 (þar sem nú er Landssímahúsið), og bjó þar upp frá því. Hann bætti hæð við húsið og kom þar upp snotrum garði sem hann lagði rækt við. Steingrímur kvæntist að nýju 1890, Birgittu Guðríði Eiríksdóttur (f. 1855, d.1919) sem verið hafði þjónustustúlka á heimilinu. Þau eignuðust saman sex börn.



Steingrímur og Birgitta Guðríður Eiríksdóttir með börnum sínum, Haraldi og Þórunni, um 1900. Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Þjóðskáldið

Steingrím Thorsteinsson má hiklaust telja í hópi svonefndra þjóðskálda. Ljóð sem birtust eftir Steingrím í tímaritum á Hafnarárum hans vöktu gleði í hjörtum margra samlanda hans af yngri kynslóð ljóðskálda. Steingrímur á mörg kvæði í ljóðasafninu *Svövu* sem hann sendi frá sér 1860 í félagi við Benedikt Gröndal og Gísli Brynjúlfsson. Steingrímur sat í um tvo áratugi í ritnefnd *Nýrra félagsrita* og var höfuðskáld þess tímarits. Þar að auki ritstýrði hann að mestu *Nýrri sumargjöf*, tímariti sem Páll Sveinsson gaf út í Kaupmannahöfn árin 1859-1865.

Eftir að Steingrímur flyst heim, kominn um fertugt, yrkir hann mörg sín þekktustu kvæði. Steingrímur var eindreginn fylgismaður Jóns Sigurðssonar í þjóðfrelsisbaráttunni og sýnir kvæði hans „Vorhvöt“ vel afstöðu hans í stormum þeirra átaka. Steingrímur gaf út safn ljóða sinna, *Ljóðmæli*, 1881 þegar hann stóð á fimmtugu. Safnið kom út með viðaukum síðar, í aukinni útgáfu 1893 hjá Gyldendal og þeirri þriðju 1910, og naut hann mikillar hylli fyrir ljóð sín.

Þýðingar

Steingrímur var mikilvirkur þýðandi. Þýðing hans á *Þúsund og einni nótt* þykir halda nafni hans hvað hæst á lofti. Þýðingin kom út í mörgum heftum á árunum 1857-1864 og er verkið allt í frumútgáfu 1809 blaðsíður. Útgefandi var Páll Sveinsson (1818-1874). Fyrsta bókin sem ber nafn Steingríms Thorsteinssonar